



Kæri nemandi!

Nú líður senn að upphafi skólaársins hjá okkur í MS. **Nýir nemendur við skólann eru boðaðir á fund föstudaginn 23. ágúst kl. 10-11** þar sem farið verður yfir ýmis hagnýt mál við upphaf skólagöngunnar. Þar gefst m.a. kostur á að hitta náms- og starfsráðgjafa skólans.

Kennsla hefst samkvæmt **stundaskrá mánudaginn 26. ágúst**. Áætlað er að stundatöflur haustannar verði birtar í Innu föstudaginn 23. ágúst. **Inna** er námskerfi skólans og er hún aðgengileg nemendum og forsjárfólki með Íslykli eða rafrænum skilríkjum. Því er nauðsynlegt að nemendur hafi slíkan aðgang áður en skólinn hefst.

Við hvetjum þig til að undirbúa þig vel fyrir komandi önn og huga sérstaklega að tölvubúnaði. Tölvur eru notaðar í flestum áföngum í skólanum. Því er æskilegt að nemendur hafi sínar eigin fartölvur til að nota í kennslustundum. Tölvupóstur verður sendur á næstu dögum með leiðbeiningum um aðgang að tölvukerfum skólans á netfangið sem notað var þegar nemandi skráði sig í skólann (ef leita þarf að póstinum er sendandi tolvuumsjon@msund.is). Námsgagnalista skólaársins 2024 – 2025 er hægt að nálgast [á heimasíðu](#) skólans og gott er að kaupa bækur þegar stundatafla hefur verið birt.

Við minnum á heimasíðu skólans, www.msund.is, þar eru ýmsar gagnlegar upplýsingar: [Skóladagatal](#), [skólareglur](#), [námsgagnalisti](#), [lýsing á einstökum áföngum](#) og upplýsingar um [uppbyggingu námsbrauta](#).

Skólaárið skiptist í haustönn, vetrarönn og vorönn og má sjá tímasetningar hverrar annar í skóladagatalinu. Alls eru 12 vikur á hverri önn, 50 kennsludagar og um 9 matsdagar. Allir dagarnir eru vinnudagar bæði nemenda og kennara. Á matsdögum er ekki formleg kennsla samkvæmt stundaskrá, en matsdagar eru engu síður skóladagar, ætlaðir til vettvangsferða, heimaverkefna, sjúkraprófa og matsviðtala eða álíka. Nemendur verða að reikna með því að vera mögulega kallaðir til starfa á matsdögum. Áhersla er lögð á fjölbreytt verkefnanám, að nemendur mæti mjög vel í skólann, séu virkir og taki ábyrgð á náminu.

Menntaskólinn við Sund hefur einsett sér að vinna samkvæmt grunngildunum ábyrgð, virðingu, jafnrétti og heiðarleika. Því hvetjum við þig til að axla ábyrgð á námi þínu og sýna starfsfólki skólans og samnemendum þínum virðingu. Við vonumst til að þú leggir hönd á plóg til að efla jafnrétti í skólanum, hafir heiðarleika að leiðarljósi í samskiptum og sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum. Að lokum minnum við á [síðareglur um notkun snjalltækja](#) í skólanum og [reglur um heiðarleika í námi](#) og biðjum þig um að virða þær.

Ef eitthvað er óljóst hafið þá endilega samband við skrifstofu skólans á msund@msund.is eða í síma 5807300.





MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Við hlökkum til að taka á móti þér!

Bestu kveðjur,
stjórnendur Menntaskólans við Sund

